

CHICAGO

HEIMILDASKRÁNINGAR- STAÐALLINN

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands

uppfært 30. október 2020



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Efnisyfirlit

Chicago heimildaskráningarstaðallinn	2
Grunnatriðin fimm	2
Tilvitnanir og blaðsíðutal:	3
Netheimildir	3
Zotero.....	3
Bók með 1 til 2 íslenskum höfundum	3
Bók með 1 til 2 erlendum höfundum	4
Bók með 3 til 7 höfundum	4
Enginn höfundur, upplýsingar um útgefanda vantar	5
Þýdd bók	5
Ritstýrð bók	5
Kaflí í ritstýrðri bók	6
Rafbók.....	6
Tímaritsgrein með 1 til 2 höfundum:	7
Tímaritsgrein með 3-7 höfundum:	7
Tímaritsgrein með 8 eða fleiri höfundum:	8
Aðeins fyrstu 7 höfundar eru taldir upp.	8
Rafræn frumútgáfa tímaritsgreinar, án blaðsíðutals:.....	8
Dagblaðsgrein	9
Blaðagrein án höfundar:.....	9
Blaðagrein á netinu:	9
Grein í glanstímariti/vikublaði:	10
Auglýsing í tímariti eða dagblaði:	10
Vefsíða án höfundar:.....	10
Vefsíða með höfundi (t.d. blogg):.....	11
Myndskeið eða hljóðbútur sóttur af netinu:	11
Samfélagsmiðlar:	11
Kvikmyndir:	12
Fyrirlestrar og kennsluglósur:.....	12
Ljósmynd úr bók eða tímariti:	12
Ljósmynd sótt á vefsíðu:	13
Tónlistarupptökur	13
Nótur	14
Leikhandrit	14
Hönnunar- og myndlistarverk:	14

Chicago heimildaskráningarstaðallinn

Við allar deildir Listaháskóla Íslands utan listkennsludeildar skal skrá heimildir í samræmi við reglur sem byggja á skráningarstaðlinum The Chicago Manual of Style (CMS). CMS byggist á tilvísunum neðanmáls í texta og stafrófsraðaðri heimildaskrá í lok. Tilvísanir neðanmáls eru gefnar til kynna með tölusetnum hávísum (e. superscript) í texta:

Barnið fékk nafnið Joannes Chrysostomus Wolfgangus Theophilus Mozart¹

1. John Roselli, *The Life of Mozart* (Cambridge: Cambridge University Press, 1998), bls. 9.

Í heimildaskrá í lok ritgerðar er heimildum stafrófsraðað eftir nöfnum höfunda:

Roselli, John. *The life of Mozart*. Cambridge: Cambridge University Press, 1998.

Szulakowska, Urszula. *Alchemy in contemporary art*. Farham: Ashgate, 2011.

Röð skráningaratriða í heimildaskrá er í flestum tilfellum eftirfarandi:

Nafn höfundar. *Titill heimildar*. Útgáfustaður: Útgefandi, útgáfuár.

Titill heimildar er skáletraður, en önnur skráningaratriði eru rituð án áherslu.

Í tilvísunum neðanmáls eru skráningaratriði aðskilin með kommu og upplýsingar um útgáfustað, útgefanda og útgáfuár eru innan sviga.

Í heimildaskrá eru skráningaratriði aðskilin með punkti. Upplýsingum um útgáfustað fylgir tvípunktur, upplýsingum um útgefanda fylgir komma og upplýsingum um útgáfuár fylgir punktur.

Um erlend nöfn gildir raðað er eftir eftirnafni fyrsta höfundar í heimildaskrá en eftir eiginnafni í tilvísunum neðanmáls, en um íslensk nöfn gildir að raðað er eftir eiginnafni.

Til þess að gera heimildaskrána læsilegri má skipta henni í kafla eftir eðli eða formi heimilda, t.d. „Bækur“ og „Netið“.

Grunnatriðin fimm

Við heimildaskráningu er gott að hafa í huga fimm atriði sem nauðsynleg eru hverri skráningarfærslu. Þau eru:

- Höfundur
- Titill
- Útgáfustaður
- Útgefandi
- Útgáfudagsetning

Í CMS staðlinum er mælt með því að ef notandi er óviss um hvernig beri að skrá heimild skal miða við grunnskráningu bóka og þeirra upplýsinga sem þar koma fram.

Tilvitnanir og blaðsíðutal:

Tilvitnunum sem teknar eru orðrétt upp úr öðrum texta þarf að fylgja blaðsíðutal í tilvitnun neðanmáls. Slíkum tilvitnunum fylgir þó ekki blaðsíðutal í heimildaskrá. Þegar vísað er óbeint í heimildir skal ekki taka blaðsíðutal fram í tilvitnunum neðanmáls, en það er þó heimilt ef kennarar gera kröfu um það. Í heimildaskrám eru ekki gefin upp blaðsíðutöl fyrir bækur í heild, en taka skal fram blaðsíðutal upphafssiðu og lokasiðu tiltekinna kafla sem vísað er til. Jafnframt skal taka fram blaðsíðutal upphafssiðu og lokasiðu greina í tímaritum og bókum.

Netheimildir

Þegar vísað er í netheimildir þarf að fylgja staðsetning heimildar á netinu. Best er að staðsetja heimild með DOI kennitölu t.d.:

doi:10.1007/s10803-011-1330-x

DOI (digital object identifier) kennitölur fylgja oft fræðigreinum. Ef engin DOI kennitala fylgir netheimildinni er notuð vefslóð/URL, t.d. www.umm.is.

Einhver dagsetning þarf alltaf að fylgja þegar vísað er í efni sem birtist **fyrst eða eingöngu á netinu**, t.d. bloggsíður eða innlegg af Facebook (á ekki við um stafræn afrit af efni sem birtist fyrst á prenti t.d. efni af Timarit.is, Google Books eða fræðigreinar úr gagnasöfnum). Dagsetningin ætti helst að vera birtingardagur eða dagur sem síðu var breytt síðast.

Ef hvorugt er að finna á síðunni þarf að koma fram hvenær síða var sótt.

Zotero

Bókasafnið mælir með heimildaskráningarforritinu Zotero sem nálgast má á vefsíðunni zotero.org.

Þegar kemur að því að velja heimildarskráningarstaðal veljið: **Chicago Manual of Style 16th edition (full note)**.

Dæmasafn:

Bók með 1 til 2 íslenskum höfundum

Í heimildaskrá:

Eigin nafn Eftirnafn. *Titill: undirtitill*. Útgáfunúmer (ef ekki er um að ræða fyrstu útgáfu). Ritröð (ef við á). Útgáfustaður: Útgefandi, Útgáfuár.

Ólafur Guðmundsson og Elísabet Svavarsdóttir. *Hlutverkaleikur: skólastarf utan veggja*. 2. bindi. Brekka í Dýrafirði: Vestfirska forlagið, 2011.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Ólafur Guðmundsson og Elísabet Svavarsdóttir, *Hlutverkaleikur: skólastarf utan veggja*, 2. bindi (Brekka í Dýrafirði: Vestfirska forlagið, 2011), bls. 31.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Ólafur Guðmundsson og Elísabet Svavarsdóttir, *Hlutverkaleikur*, bls. 33.

Um íslenska höfunda gildir ávallt, jafnt í tilvísunum sem og í heimildaskrá, að raðað er eftir eigin nafni fremur en eftirnafni.

Bók með 1 til 2 erlendum höfundum

Í heimildaskrá:

Eftirnafn, Eigin nafn (Fyrsti höfundur), Eigin nafn Eftirnafn (næsti höfundur). *Titill*. Útgáfunúmer (ef ekki er um að ræða fyrstu útgáfu). Ritröð (ef við á). Útgáfustaður: Útgefandi, Útgáfuár.

Szulakowska, Urszula. *Alchemy in contemporary art*. 3. útg. Farham: Ashgate, 2011.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Urszula Szulakowska, *Alchemy in Contemporary Art*, 3. útg. (Farham: Ashgate, 2011), bls. 3.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Szulakowzka, *Alchemy in Contemporary Art*, bls. 4.

Bók með 3 til 7 höfundum

Í heimildaskrá:

Nafn fyrsta höfundar (ef nafnið er erlent skal rita eftirnafn fyrst). Nöfn næstu höfunda. *Titill*. Útgáfunúmer (ef ekki er um að ræða fyrstu útgáfu). Ritröð (ef við á).Útgáfustaður: Útgefandi, útgáfuár.

Awan, Nishat, Tatjana Schneider og Jeremy Till. *Spatial Agency: Other Ways of Doing Architecture*. Abingdon: Routledge, 2011.

Ef höfundar eru 8 eða fleiri skal aðeins telja upp fyrstu 7 höfunda.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Nishat Awan, Tatjana Schneider og Jeremy Till, *Spatial Agency: Other Ways of Doing Architecture* (Abingdon: Routledge, 2011), bls. 11.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Awan, Schneider og Till, *Spatial Agency*, bls. 39.

Ef höfundar eru fleiri en 4 skal aðeins nefna fyrsta höfund í tilvísun neðanmáls.

Enginn höfundur, upplýsingar um útgefanda vantar

Í heimildaskrá:

Titill. Útgáfustaður, útgáfuár.

A True and Sincere Declaration of the Purpose and Ends of the Plantation Begun in Virginia, of the Degrees Which It Hath Received, and Means by Which It Hath Been Advanced. London, 1610.

Fyrsta tilvitnun neðanmáls:

A True and Sincere Declaration of the Purpose and Ends of the Plantation Begun in Virginia, of the Degrees Which It Hath Received, and Means by Which It Hath Been Advanced (London, 1610).

Næstu tilvitnanir neðanmáls:

A True and Sincere Declaration.

Þýdd bók

Í heimildaskrá:

Höfundur. *Titill.* Þýðandi. Útgáfustaður: Útgefandi, útgáfuár.

Barthes, Roland. *Skrifað við núllpunkt.* Gauti Kristmannsson og Gunnar Harðarson þýddu. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003.

Fyrsta tilvitnun neðanmáls:

Roland Barthes, *Skrifað við núllpunkt*, Gauti Kristmannsson og Gunnar Harðarson þýddu (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003), bls. 7.

Næstu tilvitnanir neðanmáls:

Barthes, *Skrifað við núllpunkt*, bls. 7.

Ritstýrð bók

Í heimildaskrá:

Nafn ritstjóra, *Titill.* Útgáfustaður: Útgefandi, útgáfuár.

Zaslaw, Neal og William Cowdery ritstýrðu, *The Compleat Mozart: A Guide to the Musical Works of Wolfgang Amadeus Mozart.* New York: Mozart Bicentennial at Lincoln Center, 1990.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Neal Zaslaw og William Cowdery ritstýrðu, *The Compleat Mozart: A Guide to the Musical Works of Wolfgang Amadeus Mozart* (New York: Mozart Bicentennial at Lincoln Center, 1990).

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Zaslaw og Cowdery, *The Compleat Mozart*.

Kafli í ritstýrðri bók

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. „Titill kafla.“ Í *Titill*, nafn ritstjóra, blaðsíðatal. Útgáfustaður: Útgefandi, útgáfuár.

Mendoza, Zoila S. „Performing Decency: Ethnicity and Race in Andean „Mestizo“ Ritual Dance.“ Í *Music and the Racial Imagination*, Ronald Radano og Philip V. Bohlman ritstýrðu, 231–270. Chicago: University of Chicago Press, 2000.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Zoila S. Mendoza, „Performing Decency: Ethnicity and Race in Andean „Mestizo“ Ritual Dance.“ Í *Music and the Racial Imagination*, Ronald Radano og Philip V. Bohlman ritstýrðu, 231-270, (Chicago: University of Chicago Press, 2000), bls. 15.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Mendoza, „Performing Decency,“ bls. 17.

Rafbók

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. *Titill*. Útgáfustaður: Útgefandi. Sótt dagsetning á vefslóð (ef við á) / doi.

Quantrill, Malcolm. *Alvar Aalto: A Critical Study*. New York: New Amsterdam, 1989. Sótt 1. nóvember 2010 á <http://pdf-ebook.org/cpdf/alvar-aalto-a-critical-study.pdf>.

Fyrsta tilvitnun neðanmáls:

Malcolm Quantrill, *Alvar Aalto: A Critical Study* (New York: New Amsterdam, 1989), bls. 15, sótt 1. nóvember 2010 á <http://pdf-ebook.org/cpdf/alvar-aalto-a-critical-study.pdf>.

Næstu tilvitnanir neðanmáls:

Quantrill, *Alvar Aalto*, bls. 17.

Tímaritsgrein með 1 til 2 höfundum:

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. „Titill greinar.“ *Titill tímarits*, tölublað (mánuður og ár): blaðsíðutal. Sótt dagsetning á vefslóð (ef við á) / doi.

Valle, Imuris og Eduardo Weiss. „Participation in the Figured World of Graffiti.“ *Teaching and Teacher Education* 26, 1 (janúar 2010): 128–135. doi:10.1016/j.tate.2009.05.006.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Imuris Valle og Eduardo Weiss. „Participation in the Figured World of Graffiti.“ *Teaching and Teacher Education* 26, 1 (janúar 2010): 128–135, doi:10.1016/j.tate.2009.05.006.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Valle og Weiss, „Participation in the Figured World of Graffiti.“

Tímaritsgrein með 3-7 höfundum:

Í heimildaskrá:

Eftirnafn fyrsta höfundar, eiginnafn fyrsta höfundar, nöfn næstu höfunda. „Titill greinar.“ *Titill tímarits*, tölublað (mánuður og ár): blaðsíðutal. Sótt dagsetning vefslóð (ef við á) / doi.

Lickel, Athena, William E. MacLean Jr, Audrey Blakeley-Smith og Susan Hepburn. „Assessment of the Prerequisite Skills for Cognitive Behavioral Therapy in Children with and Without Autism

Spectrum Disorders.“ *Journal of Autism and Developmental Disorders* 42, 6 (júní, 2012): 992–1000. doi:10.1007/s10803-011-1330-x.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Athena Lickel, William E. MacLean Jr, Audrey Blakeley-Smith og Susan Hepburn, „Assessment of the Prerequisite Skills for Cognitive Behavioral Therapy in Children with and Without Autism Spectrum Disorders.“ *Journal of Autism and Developmental Disorders* 42, 6 (júní, 2012): 992–1000. doi:10.1007/s10803-011-1330-x.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Lickel og fleiri, „Assessment of the Prerequisite Skills for Cognitive Behavioral Therapy in Children with and Without Autism Spectrum Disorders.“

Ef höfundar eru fleiri en 3 skal aðeins nefna fyrsta höfund í neðanmálistilvísunum, utan þeirri fyrstu.

Tímaritsgrein með 8 eða fleiri höfundum:

Í heimildaskrá:

Eftirnafn fyrsta höfundar, eiginnafrn fyrsta höfundar, nöfn næstu sex höfunda að viðbættu og fleiri. „Titill greinar.“ *Titill tímarits*, tölublað (mánuður og ár): blaðsíðutal. Sótt dagsetning á vefslóð (ef við á) / doi.

Gutiérrez-Galve, Leticia, Claudia A.M. Wheeler-Kingshott, Daniel R. Altmann, Gary Price, Elvina M. Chu, Verity C. Leeson, Antonio Lobo og fleiri. „Changes in the Frontotemporal Cortex and Cognitive Correlates in First-Episode Psychosis.“ *Biological Psychiatry* 68, 1 (júlí, 2010): 51–60. doi:10.1016/j.biopsych.2010.03.019.

Aðeins fyrstu 7 höfundar eru taldir upp.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Leticia Gutiérrez-Galve, Claudia A.M. Wheeler-Kingshott, Daniel R. Altmann, Gary Price, Elvina M. Chu, Verity C. Leeson, Antonio Lobo og fleiri, „Changes in the Frontotemporal Cortex and Cognitive Correlates in First-Episode Psychosis.“ *Biological Psychiatry* 68, 1 (júlí, 2010): 51–60. doi:10.1016/j.biopsych.2010.03.019.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Gutiérrez-Galve og fleiri, „Changes in the Frontotemporal Cortex and Cognitive Correlates in First-Episode Psychosis.“

Rafræn frumútgáfa tímaritsgreinar, án blaðsíðutals:

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. „Titill greinar.“ *Titill tímarits*, tölublað (mánuður og ár): sótt dagsetning á vefslóð / doi. Von Ledebur, Sidonia C. „Optimizing Knowledge Transfer by New Employees in Companies.“ *Knowledge Management Research & Practice* 5, 4 (nóvember 2007): doi:10.1057/palgrave.kmrp.8500141.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Sidonia C. Von Ledebur, „Optimizing Knowledge Transfer by New Employees in Companies,“ *Knowledge Management Research & Practice* 5, 4 (nóvember 2007): doi:10.1057/palgrave.kmrp.8500141.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Von Ledebur, „Optimizing Knowledge Transfer by New Employees in Companies.“

Dagblaðsgrein

Í heimildaskrá:

Höfundur. „Titill greinar.“ *Titill dagblaðs*, dagsetning, blaðsíðutal. Sótt dagsetning á vefslóð / doi (ef við á).
Schulten, Katherine. „How Important is Arts Education.“ *New York Times*, 8. febrúar 2011, bls. 17.

Fyrsta tilvitnun neðanmáls:

Katherine Schulten, „How Important is Arts Education,“ *New York Times*, 8. febrúar 2011, bls. 17.

Næstu tilvitnanir neðanmáls:

Schulten, „How Important is Arts Education,“ bls. 17.

Blaðagrein án höfundar:

Í heimildaskrá:

„Titill greinar.“ *Titill dagblaðs*, dagsetning, blaðsíðutal. Sótt dagsetning á vefslóð / doi (ef við á).
„Geymsluskúr brennur“. *Vísir*, 19. október 1948, bls. 1.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

„Geymsluskúr brennur“, *Vísir*, 19. október 1948, bls. 1.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

„Geymsluskúr brennur.“

Blaðagrein á netinu:

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. „Titill greinar.“ *Titill tímarits / dagblaðs*, dagsetning. Sótt dagsetning á vefslóð / doi.

Brody, Jane E. „Mental Reserves Keep Brains Agile.“ *The New York Times*, 11. desember 2007. Sótt 12. apríl 2012 á <http://www.nytimes.com/2007/12/11/health/11brod.html>.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

1. Jane E. Brody, „Mental Reserves Keep Brains Agile.“ *The New York Times*, 11. desember 2007, sótt 12. apríl 2012 á <http://www.nytimes.com/2007/12/11/health/11brod.html>.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

2. Brody, „Mental Reserves Keep Brains Agile.“

Grein í glanstímariti/vikublaði:

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. „Titill greinar.“ *Titill tímarits*, dagsetning, blaðsíðutal. Sótt dagsetning á vefslóð / doi (ef við á).

Hjördís Smith. „Matur“, *Heimsmynd*, júlí 1992, 44-46.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Hjördís Smith, „Matur“, *Heimsmynd*, júlí 1992, 44-46.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Hjördís Smith, „Matur.“

Auglýsing í tímariti eða dagblaði:

Í heimildaskrá:

Auglýsandi. „Titill auglýsingar.“ *Nafn dagblaðs/tímarits*, árgangur, tölublað (mánuður og ártal): blaðsíðutal. Sótt dagsetning á vefslóð / doi (ef við á).

Góði hirðirinn. „Hugsaðu jákvætt, það er léttara.“ *Arkitekt: Tímarit um umhverfishönnun*, 1. tbl. (júní 2011): 10.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Góði hirðirinn, „Hugsaðu jákvætt, það er léttara,“ *Arkitekt: Tímarit um umhverfishönnun*, 1. tbl. (júní 2011): 10.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Góði hirðirinn, „Hugsaðu jákvætt.“

Vefsíða án höfundar:

Í heimildaskrá:

„Titill.“ *Titill vefsíðu*, dagsetning. Vefslóð / doi.

„Effect of the Global Credit Crunch on Market.“ *Economy Watch*, 14. október 2010.
<http://www.economywatch.com/economy-articles/effect-global-credit-crunch.html>.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

„Effect of the Global Credit Crunch on Market,“ *Economy Watch*, 14. október 2010.
<http://www.economywatch.com/economy-articles/effect-global-credit-crunch.html>.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

„Effect of the Global Credit Crunch on Market.“

Vefsíða með höfundi (t.d. blogg):

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. „Titill.“ *Titill vefsíðu*, dagsetning. Vefslóð / doi.

Eva Hauksdóttir. „Hvaða lög gilda á skólalóðinni?“ *Pistillinn*, 3. september, 2012.
<http://www.pistillinn.is/?p=2886>.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Eva Hauksdóttir. „Hvaða lög gilda á skólalóðinni?“ *Pistillinn*, 3. september, 2012.
<http://www.pistillinn.is/?p=2886>.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Eva Hauksdóttir, „Hvaða lög gilda á skólalóðinni?“

Myndskeið eða hljóðbútur sóttur af netinu:

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. „Titill myndskeiðs/hljóðbúts.“ Form, lengd. Sótt dagsetning á vefslóð / doi.

Grimurjon. „Jarðskjálftar í London, Nemendaleikhús Listaháskólans.“ Myndband, 3:14. Sótt 30. nóvember 2011 á http://www.youtube.com/watch?v=eMbbhZ0k6u4&feature=youtube_gdata_player.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Grimurjon, „Jarðskjálftar í London, Nemendaleikhús Listaháskólans.“ Myndband, 3:14, sótt 30. nóvember 2011 á http://www.youtube.com/watch?v=eMbbhZ0k6u4&feature=youtube_gdata_player.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Grimurjon, *Jarðskjálftar í London, Nemendaleikhús Listaháskólans*.

Samfélagsmiðlar:

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. „Titill.“ Form heimildar á nafn samfélagsmiðils. Dagsetning. Vefslóð.

Bókasafn Listaháskóla Íslands. „Vegna kerfisvinnu við bókasafnskerfið Gegni er takmarkaður aðgangur og þjónusta í boði á leitir.is fram eftir degi.“ Stöðuuppfærsla á Facebook. 15. júní 2012. <https://www.facebook.com/bokasafnlhi>

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Bókasafn Listaháskóla Íslands, „Vegna kerfisvinnu við bókasafnskerfið Gegni er takmarkaður aðgangur og þjónusta í boði á leitir.is fram eftir degi,“ stöðuuppfærsla á Facebook, 15. júní 2012, <https://www.facebook.com/bokasafnlhi>

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Bókasafn Listaháskóla Íslands, „Vegna kerfisvinnu við bókasafnskerfið Gegni er takmarkaður aðgangur og þjónusta í boði á leitir.is fram eftir degi.“

Kvikmyndir:

Í heimildaskrá:

Nafn leikstjóra. *Titill kvikmynda*. Form. Útgáfustaður: útgefandi, útgáfuár.

Morrison, Bill. *The miners' hymns*, DVD. London: British Film Institute, 2011.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Bill Morrison, *The miners' hymns*, DVD (London: British Film Institute, 2011.)

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Morrison, *The miners' hymns*.

Fyrirlestrar og kennsluglósur:

Í heimildaskrá:

Ekki getið í heimildaskrá.

Allar tilvísanir neðanmáls:

1. (Atli Ingólfsson, munnleg heimild, 21. september 2012)

Ljósmynd úr bók eða tímariti:

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. „Titill ljósmynda.“ Ljósmynd fengin úr *Titill bókar*. Höfundur: Nafn. Útgáfustaður: Útgefandi, útgáfuár. Blaðsíðutal.

Helgi Arason. „Kona leggur ungabarn til hvílu.“ Ljósmynd fengin úr *Afturgöngur og afskipti af sannleikanum*. Höfundur: Sigrún Alba Sigurðardóttir. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2009. 47.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Helgi Arason, „Kona leggur ungabarn til hvílu,“ Ljósmynd fengin úr *Afturgöngur og afskipti af sannleikanum*, höfundur: Sigrún Alba Sigurðardóttir (Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2009), 47.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Helgi Arason, „Kona leggur ungabarn til hvílu.“

Ljósmynd sótt á vefsíðu:

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. *Titill ljósmynda*. Form. Sótt dagsetning á vefslóð / doi.

Pétur Thomsen. *Maí 1964, hópur ungra kvenna í garðinum við Húsmæðraskólann í Reykjavík (Hússtjórnarskólann í Reykjavík), Sólvallagötu 12*. Filma 4x5“. Sótt 24. október 2013 á <http://ljósmyndasafn.reykjavik.is/fotoweb/grid.fwx>

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Pétur Thomsen, *Maí 1964, hópur ungra kvenna í garðinum við Húsmæðraskólann í Reykjavík (Hússtjórnarskólann í Reykjavík), Sólvallagötu 12*, filma 4x5“, sótt 24. október 2013 á <http://ljósmyndasafn.reykjavik.is/fotoweb/grid.fwx>

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Pétur Thomsen, *Maí 1964*.

Tónlistarupptökur

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. *Titill*. Útgefandi útgáfunúmer, ártal, form. Upplýsingar um fyrri útgáfur (ef við á).

Pink Floyd. *Atom Heart Mother*. Capitol CDP 7 46381 2, 1990, geisladiskur. Fyrst gefið út 1970.

Fyrsta tilvísun í heimildaskrá:

Pink Floyd, *Atom Heart Mother*, Capitol CDP 7 46381 2, 1990, geisladiskur, fyrst gefið út 1970.

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Pink Floyd, *Atom Heart Mother*

Nótur

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. *Titill*. Útsetning: Nafn útsetjara. [Texti eftir] nafn textahöfundar (ef við á). Útgáfustaður: Útgefandi, útgáfuár.

Schubert, Franz. *Ave Maria*. Útsetning: D. Savino. [Texti eftir] Walter Scott. New York: Robbins Music Corporation, 1941.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Franz Schubert, *Ave Maria*, útsetning: D. Savino, [texti eftir] Walter Scott (New York: Robbins Music Corporation, 1941).

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Schubert, *Ave Maria*.

Leikhandrit

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. *Titill*. Nánari upplýsingar (útgefið, óútgefið, eins og við á). Staður uppsetningar: Leikhús, leikár.

Bjarni Jónsson. *Vegurinn brennur*. Óútgefið leikhandrit. Reykjavík: Þjóðleikhúsið, 2002/2003.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Bjarni Jónsson, *Vegurinn brennur*, óútgefið leikhandrit (Reykjavík: Þjóðleikhúsið, 2002/2003).

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Bjarni Jónsson, *Vegurinn brennur*.

Hönnunar- og myndlistarverk:

Í heimildaskrá:

Nafn höfundar. *Titill*. Lýsing verks. Staðsetning verks (safn, einkaeign). Ártal.

Tinna Gunnarsdóttir. *Paint balls*. Kollur úr glertrefjum. Í einkaeign. 2004.

Fyrsta tilvísun neðanmáls:

Tinna Gunnarsdóttir, *Paint balls*, kollur úr glertrefjum (í einkaeign, 2004).

Næstu tilvísanir neðanmáls:

Tinna Gunnarsdóttir, *Paint balls*.

Heimildir:

Bókasafn og upplýsingaþjónusta HR. „APA tilvísanir og heimildaskráning með íslenskum áherslum.“ Bókasafn og upplýsingaþjónusta HR, 2009, 2011. <http://www.ru.is/media/skjol--bokasafn/APA-tilvisanir-og-heimildaskraning.pdf>.

The Chicago manual of style. 16. útg. Chicago: University of Chicago Press, 2010. <http://www.chicagomanualofstyle.org>.

Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. *Gagnfræðakver handa háskólanemum*. 4. útg. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007.